



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík, 3. desember 2025

MSS24110113

Umsögn um tillögu um endurgreiðsluhlutfall lífeyris 2026

Fyrir liggur tillaga stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar um að endurgreiðsluhlutfall lífeyris verði óbreytt. Á fundi stjórnar lífeyrissjóðsins, þann 22. september sl., var lagt fram bréf tryggingastærðfræðings sjóðsins, Bjarna Guðmundssonar, dags. 14. september 2025, þar sem lagt var til að endurgreiðsluhlutfall launagreiðanda á greiddum lífeyri í réttindasafn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2026 verði óbreytt frá fyrra ári eða 74%.

Hefur stjórnin lífeyrissjóðsins samþykkt tillögu tryggingastærðfræðings og vísar málinu til afgreiðslu borgarráðs Reykjavíkur í samræmi við ákvæði greinar 40 1 í samþykktum sjóðsins sem er svohljóðandi: „Reykjavíkurborg og aðrir aðilar sem tryggt hafa starfsmenn í R – deild skulu greiða viðbótariðgjöld mánaðarlega sem er tiltekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna í R – deild.“

Borgarstjórn Reykjavíkurborgar ákveður árlega hlutfall réttindasafnsins að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að viðbótariðgjaldið ásamt innborguðum iðgjöldum gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði réttindasafnsins og upprunasjóðs þess ef miðað er við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtunin hefði náðst allan rekstrartímann og útreiknað hlutfall verið í gildi og til framtíðar reiknað með gildandi tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur.

Að því er stefnt að framlög hvers launagreiðanda, iðgjöld að viðbættum endurgreiðslum á lífeyri, standi að jafnaði undir þeim lífeyrisréttindum sem starfsmenn launagreiðanda munu njóta hjá sjóðnum. Bakábyrgð borgarsjóðs verði aðeins virk að því marki sem fjárfestingar sjóðsins hafa ekki skilað þeirri ávöxtun sem stefnt er að, eða ef aðrir launagreiðendur reynast ófærir um að standa við skuldbindingar sínar. Miðað verði við að sjóðurinn skuli til jafnaðar ná 3,5% ávöxtun umfram hækkun verðlags.

Forsendur um lífs- og örorkulíkur breyttust lítillega frá tryggingafræðilegri athugun sjóðsins miðað við lok árs 2023 og hækkuðu hinar nýju forsendur mat skuldbindinga lítillega miðað við lok 2024. Áhrifin eru þó óveruleg, eða sem svarar til 0,05% prósentustiga hækkun á útreiknuðu viðbótariðgjaldi og er ekki talin ástæða til breytinga á hlutfalli viðbótariðgjald vegna þessa. Ekki er kunnugt um breytingar á forsendum við



Reykjavík



tryggingafræðilegar athuganir við lok árs 2025 og er því gerð tillaga um óbreytt hlutfall viðbótariðgjalda í R-deild, eða 74% af útgjöldum lífeyris í aðalsjóð.

Fjármála- og áhættustýringarsvið mælir með samþykkt fyrirbyggjandi tillögu. Erindinu skal vísað til afgreiðslu borgarstjórnar.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.



Reykjavík